

Ed.

256. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 16, 19. maí 1930 (Laun embættismanna).

Frá fjárhagsnefnd.

Fyrir orðin „til ársloka 1931“ i lagagreininni komi: til ársloka 1933.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

„Í árslok 1931 falla úr gildi ákvæðin um dýrtiðaruppbót starfsmanna ríkisins. En með því að telja má vist, að endurskoðun launalaganna frestist enn um stund, verður nauðsynlegt að framlengja verðstuðulsuppbótina til bráðabirgða“.